

Sæll

Ég óska eftir því að fá eftirtaldar upplýsingar er varðar byggingu Barnaskóla Kársness á næsta fund bæjarráðs.

1. Að fram komi uppgjörið á öllum þeim útboðum sem hafa verið gerð frá upphafi, þ.e niðurrif, jarðvinnu, framkvæmdakostnaður, hönnun og byggingareftirlit osfv. Ef verðfyrirspurnir voru gerðar þá óska ég eftir að fá þær upplýsingar með sama hætti sett frá. Mikilvægt er að taka hvert og eitt tilboðin sem samþykkt var í bæjarráði og fá síðan raunkostnað á þeim verkhluta.
2. Einnig að fá sundurliðun á lögfræðikostnaði frá upphafi verksins skipt upp miðað við þau álitamál sem hafa komið upp. Til dæmis deilurnar við Mannvit sér og verktaka sér osfv, auk allan kostnað við lögfræðivinnu fyrir verkið.
3. Einnig allan kostnað við aðra ráðgjöf sem fallið hefur á verkið.
4. Fá uppfærðar upplýsingar um heildarkostnað við verkið.
5. Einnig tímasett yfirlit yfir úttektir og leyfi sem gefin hafa verið út fyrir skólann/leikskólann.

Mér sýnist bæjarráð ekki hafa fengið neinar upplýsingar frá því í júní og þá var miðað við kostnað út apríl þess vegna er mikilvægt að þessar upplýsingar komi eins fljótt og auðið er.

Bestu kveðjur,

Theódóra Þorsteinsdóttir

Bæjarfulltrúi

theodora.thorsteins@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 4410000

